

## Bær og hús.

Vitað hef eg mann firtast dálítið af því að nefndur var bær, þar sem reist hafði verið timburhús. Slikt kemur af misskilningi; bær heitir á íslenzku eins þó að höll væri og konungssetur. Það má ekki fara hér eins og á Skotlandi, þar sem orðið bær þýðir fjós (= féhús). En Skotar skrifa orðið ekki bær, heldur byre (þ. e. býr), og er það næsta lærdómsrikt ihugunar fyrir þá sem vilja átta sig á ensku máli.

9. 2.

*Hélgi Pjeturss.*

## Mentun.

Þetta taldi Rögnvaldur jarl Kali Kols-son til þess að maður væri mentaður maður:

Tafi emk örr at efla  
íþróttir kank niu.  
týnek trauðla rimum  
tið er bók ok smiðir,  
skriða kannk á skiðum  
skýtk ok ræk svát nýtir,  
hvarttveggja kannk hyggja  
harpalátt ok bragþáttu.

Afkomendur Orkneyjarla afment-  
uðust síðar þegar þeir voru orðnir  
skotskir aðalsmenn, svo mjög að þeir  
kundu ekki að skrifa nafnið sitt, og  
fráleitt hafa þeir, þó að ekki tefðu  
bækurnar, verið smiðir eins góðir og  
Rögnvaldur. jarl.

*H. P.*

4  
Brycefer 1913 S 23

4  
Brycefer 1913 S 159